

Borgir v/Norðurslóð, 600 Akureyri,

Sími 460-8900, Fax 460-8919

Netfang: [rha@unak.is](mailto:rha@unak.is)

Veffang: <http://www.rha.is>



RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ  
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

# **MAT Á FRAMKVÆMD**

## **MENNINGARSAMNINGS EYÞINGS**

*Júlí 2009*

**Valtýr Sigurbjarnarson**

***R08051MEN***

## Skýrsla unnin fyrir Menningarráð Eypings

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>HELSTU NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>2</b>
<b>2</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>6</b>
<b>3</b>	<b>VINNUTILHÖGUN - AÐFERÐAFRÆÐI</b> .....	<b>7</b>
<b>4</b>	<b>FRAMKVÆMD MENNINGARSAMNINGSINS</b> .....	<b>8</b>
4.1	MENNINGARRÁÐ EYÞINGS .....	8
4.2	MARKMIÐ MENNINGARSAMNINGSINS .....	12
4.3	MEDFERÐ FJÁRMUNA .....	12
4.4	STYRKUMSÓKNIR .....	14
4.5	SAMNINGAR VIÐ STYRKÞEGA .....	15
<b>5</b>	<b>ÁHRIF MENNINGARSAMNINGSINS</b> .....	<b>17</b>
5.1	SPURNINGAR TIL VALINS HÓPS .....	17
5.2	SVÖR VIÐ SPURNINGUM, STUTT YFIRLIT.....	18
5.3	SVÖR VIÐ SPURNINGUM, HEILDAR SAMANTEKT .....	19
5.4	ÁHRIF AF FRAMKVÆMD MENNINGARSAMNINGSINS .....	28
<b>6</b>	<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>31</b>

## 1 HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Á aðalfundi Eyþings 25. september 2004 var samþykkt *Stefnuskjal Menningarráðs Eyþings*. Þar var ákveðinn grunnur lagður og tilgreind helstu atriði, þ.e. tilgangur samstarfs í menningarmálum, framtíðarsýn, meginstef í menningarstarfi ásamt markmiðum og viðmiðum. Á fundinum voru einnig staðfestar *Samþykktir Menningarráðs Eyþings*.

Þann 27. apríl 2007 var staðfestur *Samstarfssamningur sveitarfélaga í Eyþingi um menningarmál* og sama dag er dagsettur samningur „um samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæði Eyþings um menningarmál“, hér nefndur menningarsamningurinn.

Skipan Menningarráðs Eyþings hefur ætíð verið í samræmi við 2. málsgrein 2. greinar menningarsamningsins.

Fyrirliggjandi gögn sýna að mikið hefur verið lagt upp úr því að efla samstarf sveitarfélaganna í menningarmálum. Því til staðfestingar má nefna sameiginlega fundi menningarfulltrúa og þá staðreynd að sífellt fleiri sveitarfélög hafa ráðið til sín starfsmenn sem sérstaklega er ætlað að sinna þessum málaflokki.

Árið 2007 hélt Menningarráð Eyþings sex fundi. Við lestur fundagerða sést að á fundunum hefur ráðið haft góða hliðsjón af áður nefndu stefnuskjali og samþykktum menningarráðsins. Þar kemur m.a. fram að mikilvægt sé að yfirfara kostnaðar-áætlanir sem fylgja umsóknum þannig að þær séu samanburðarhæfar. Þetta bendir til þess að hugað hafi verið að jafnræðisreglum svo sem vera ber. Einnig er þess getið að skynsamlegt væri að kortleggja menningarstarf á svæðinu, fjölda viðburða og fleira til að auðveldara verði að meta árangur síðar. Frá upphafi starfseminnar hefur menningarráðið þannig hugað að því hvernig uppfylla mætti ákvæði í 9. grein menningarsamningsins um árangursmat.

Ætíð hefur verið unnið eftir úthlutunarreglum, sem kynntar hafa verið þegar styrkir eru auglýstir. Umsækjendur hafa því alltaf mátt vita að hverju þeir gengu. Þetta endurspeglast ágætlega í umsóknum og úthlutunum og skýrir hvers vegna mismunandi hátt hlutfall styrkja fer til einstakra flokka í hvert sinn sem þeim er úthlutað.

Í skýrslu um starfsemi Menningarráðs Eyþings árið 2007 er ágæt greining á því hvernig umsóknirnar skiptust á sveitarfélög og listgreinar, en þær eru settar í átta

flokka. Flestar umsóknir voru vegna tónlistar, 17 af 54 eða tæpur þriðjungur, en í flokkinum annað voru 11 umsóknir. Mun færri var í öðrum flokkum og þetta endurspeglar áherslur menningarráðsins við þessa úthlutun. Svipuð hlutföll voru í úthlutunum milli listgreina, en 46% umsækjenda hlutu styrk og úthlutað var samtals um 33% þeirrar upphæðar sem sótt var um.

Í skýrslu um starfsemi Menningarráðs Eyþings árið 2008 kemur fram að menningarfulltrúar landshluta hafi komið sér saman um samræmda flokkun á verkefnum. Búið er að fjölga flokkunum frá árinu áður úr 8 í 12. Flestar umsóknirnar árið 2008 voru í flokknum menningararfur/safnamál, 19 af 74, en aðrir stórir flokkar eru menningartengd ferðaþjónusta, 12 umsóknir og tónlist, 11 umsóknir. Mun færri var í öðrum flokkum, eins og við var að búast, sbr. auglýsingu um styrki, þar sem m.a. komu fram áherslur úthlutunar í það sinn. Flestir styrkir voru veittir vegna menningararfs/safnamála, 16 talsins. 66% umsækjenda hlutu styrk, sem var talsvert hærra hlutfall en árið áður og úthlutað var samtals um 33% þeirrar upphæðar sem sótt var um, sem var sama hlutfall og árið áður.

Það sem af er þessu ári (30. júní 2009) hefur Menningarráð Eyþings haldið fimm fundi. Mestur tími á þeim hefur farið í úthlutun styrkja. Á öðrum fundi ársins þann 7. mars var lagður fram listi yfir umsækjendur. Ekkert var bókað um fjölda umsækjenda eða heildarfjárhæð, en samkvæmt upplýsingum frá menningarfulltrúa voru þeir 110 talsins og heildarupphæð umsókna var kr. 66.349.000. Samþykkt var að veita 69 styrki, samtals að upphæð kr. 27.945.000. Styrki fengu því um 62% umsækjenda og úthlutað var um 42% þeirrar fjárhæðar sem sótt var um.

Menningarráð Eyþings hefur hingað til úthlutað styrkjum til 162 aðila, samtals að fjárhæð kr. 64.730.000. Meðalfjárhæð styrks er um 400 þkr.

Æskilegt væri að bóka ákveðnar grunnupplýsingar um styrki þegar þeir eru teknir fyrir á fundum menningarráðs, en á það hefur nokkuð skort.

Framlög ríkisins voru samkvæmt menningarsamningnum árin 2007 og 2008. Árið 2009 var klipið af því sem samningurinn kveður á um og framlagið varð 30 mkr í stað 31 mkr.

Viðkomandi sveitarfélög hafa ekki öll birt ársreikninga fyrir árið 2008 en á árinu 2007 voru framlög þeirra til menningarmála alls kr. 574.902.439. Miðað við þær upplýsingar sem þó liggja fyrir má fullyrða að sveitarfélögin hafi staðið við

samninginn bæði árin. Samkvæmt áætlunum munu sveitarfélögin standa við sitt árið 2009.

Árið 2008 voru framlög viðkomandi sveitarfélaga til menningarsamningsins kr. 5.221.364 og hafa sveitarfélögin sem eru aðilar að samningi um samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæði Eyþings um menningarmál staðið fyllilega við sínar fjárhagslegu skuldbindingar.

Við athugun á ákvæðum 5. greinar menningarsamningsins um meðferð styrkumsókna sýnist ljóst að þar hafi verið vel staðið að málum. Strax á fyrsta fundi menningarráðsins, 4. maí 2007, var rætt um að móta þyrfti úthlutunarreglur og verkefnaáherslur. Það var gert, sbr. samþykkt á þriðja fundi ráðsins 14. júní sama ár. Þannig var þegar frá upphafi leitast við að ganga faglega til verka og eftir að hafa skoðað auglýsingar um styrki til verkefna menningarráðsins verður ekki annað séð en þær endurspegli verkefnaáherslur hverju sinni og settar vinnureglur. Auglýsingarnar hafa fengið ágæta birtingu í fjölmiðlum og þar hafa verið tilgreind þau efnisatriði sem sérstök áhersla hefur verið lögð á við hverja úthlutun.

Ein af forsendum þess að styrkir séu greiddir til styrkþega er að þeir skili greinargerð um ráðstöfun styrkfjárins. Til að kanna framkvæmd þessa þáttar starfseminnar voru níu greinargerðir valdar af handahófi, þrjár vegna styrkja úr úthlutun 2007 og sex vegna úthlutunar 2008. Greinargerðir ársins 2007, sem komu til skoðunar, voru vegna styrkja frá kr. 100.000 til kr. 750.000 en greinargerðir síðara árið vegna styrkja frá kr. 85.000 til 700.000. Viðfangsefnin voru ólík og frá mismunandi stöðum innan svæðisins. Í greinargerðunum kemur fram að styrkirnir hafi verið forsenda þess að hægt var að ráðast í viðkomandi verkefni, enda stóðu þeir yfirleitt undir um helmingi kostnaðar.

Rétt er að taka fram að framangreindar tölur eiga aðeins við um greinargerðirnar níu sem voru skoðaðar, en í heildina talið voru styrkuppþæðir árið 2007 frá kr. 100.000 til kr. 1.500.000, árið 2008 frá kr. 80.000 til kr. 1.000.000 og það sem af er ári 2009 frá kr. 50.000 til kr. 1.600.000, eins og fram kemur í ársskýrslum og fundargerðum Menningarráðs Eyþings.

Æskilegt væri að skoða betur hvernig styrkþegar meta eigin vinnu og vera kann að á því sé umtalsverður munur.

Frásagnir styrkþega af framkvæmd verkefnanna eru misjafnar, flestar góðar, sumar afbragð en ein frekar snubbótt í því úrtaki sem skoðað var. Athygli vekur að jafnvel

Þeir sem hafa fengið lága styrki gera góða grein fyrir framkvæmd verkefnis. Í heildina talið má segja að vel hafi til tekist með formið á greinargerðum vegna ráðstöfunar styrkfjár og að í miklum meirihluta tilvika hafi styrkþegar skilað þeim sómasamlega til menningarráðsins, eins og til er ætlast.

Spurningalisti var sendur í tölvupósti til 30 einstaklinga þann 22. júní. 20 svör bárust frá 24 þeirra, en í nokkrum tilvikum voru svör sameiginleg, t.d. þegar framkvæmdastjóri sveitarfélags og menningarfulltrúi sameinuðust um svar.

Af svörum við spurningunum verður ekki dregin önnur niðurstaða en sú að forsvarsmenn viðkomandi sveitarfélaga séu almennt ánægðir með framkvæmd menningarsamningsins og hið sama má segja um forsvarsmenn á nokkrum sviðum lista og menningar á starfssvæði Menningarráðs Eyþings.

Með menningarsamningnum milli ríkis og samtaka sveitarfélaga eru fjárframlög ákveðin til lengri tíma. Það hvetur til stefnumótunar sem meðal annars stuðlar að því að efla menningu sem atvinnugrein.

Jákvæðar afleiðingar samnings um samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæði Eyþings um menningarmál eru augljósar á mörgum sviðum. Hann hefur skapað festu í menningarmálum, gert viðkomandi aðilum að forgangsraða og eflt menningu sem atvinnugrein. Fagmennska hefur aukist, m.a. vegna samstarfs milli menningarfulltrúa og þeim hefur fjölgað, sem síðan leiðir til þess betri þjónustu við áhugafólk á öllum sviðum menningar og lista. Nú er mikil þörf fyrir fleiri störf og þá er atvinnuþáttur menningarmála mikils virði. Menning er atvinna og samningurinn sem Menningarráð Eyþings starfar eftir hefur stuðlað að skipulegri uppbyggingu. Fagna má góðum árangri hingað til og í ljósi reynslunnar er hægt að hvetja til framlengingar á menningarsamningnum.

## 2 INNGANGUR

Þessi skýrsla er afrakstur vinnu sem byggir á samningi milli Menningarráðs Eyþing og RHA frá 3. júní 2009. Verkefnið felst í því að meta árangur af framkvæmd samnings „um samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæði Eyþings um menningarmál“, dags. 27. apríl 2007, en í 9. grein samningsins, um gildistíma, segir m.a.: „*Heimilt er samningsaðilum að framlengja samninginn um tvö ár að loknu árangursmati sem fram skal fara vorið 2009.*“

Við vinnslu skýrslunnar var lagt upp með tvö meginatriði:

- Í fyrsta lagi að meta framkvæmd menningarsamningsins út frá gögnum frá Menningarráði Eyþings. Það á m.a. við um starfshætti ráðsins og meðferð fjármuna, hvernig umsóknum og úthlutunum er háttað, upplýsingagjöf og eftirfylgni.
- Í öðru lagi að meta áhrif samningsins með því að senda spurningalista til valins hóps. Með því er leitast við að fá fram álit og reynslu sveitarstjórnarmanna af samningnum, en einnig nokkurra aðila sem eru í forsvari fyrir menningarstarfsemi á starfssvæði menningarráðsins.

Margir hafa veitt upplýsingar og aðstoð við gerð þessarar skýrslu og öllum hlutaðeigandi eru færðar bestu þakkir. Sérstaklega er Hjalta Jóhannessyni, sérfræðingi og aðstoðarforstöðumanni RHA, þakkað fyrir góðar ábendingar og einnig Ragnheiði Jónu Ingimarsdóttur, menningarfulltrúa Eyþings, sem hefur fúslega veitt allar umbeðnar upplýsingar.



### 3 VINNUTILHÖGUN - AÐFERÐAFRÆÐI

Eins og fram kom í inngangi var vinnutilhögun við árangursmat vegna framkvæmdar á menningarsamningi ríkisins og sveitarfélaga á starfssvæði Eyþings í grunnatriðum tvíþætt.

Annars vegar var samningurinn tekinn fyrir og einstakar greinar hans skoðaðar og framkvæmd ákvæða í þeim metin út frá fyrirliggjandi gögnum frá Menningarráði Eyþings. Þar er meðal annars byggt á skýrslum menningarráðsins árin 2007 og 2008, en þær eru ítarlegar og vel unnar. Einnig voru valdar af handahófi nokkrar greinargerðir um ráðstöfun styrkfjár frá styrkþegum til að sjá hvort þær hefðu skilað sér eins og til er ætlast og þá hvernig umfjöllunin væri, t.d. um það hvernig styrkirnir nýttust og hvaða þýðingu þeir hefðu haft fyrir viðkomandi verkefni. Níu greinargerðir voru skoðaðar, þrjár vegna styrkja úr úthlutun 2007 og sex vegna úthlutunar 2008. Þá voru fundargerðir menningarráðsins lesnar með hliðsjón af menningarsamningnum og ársskýrslum. Nánar er fjallað um þessa þætti í 4. kafla.

Hins vegar var sendur spurningalisti í tölvupósti til valins hóps og er nánar gerð grein fyrir stærð hans, samsetningu og heimtum svara í 5. kafla. Þannig var reynt að skjóta styrkari stoðum undir mat á því hvort markmið samningsins hefðu náðst og fá innsýn í hver helstu áhrifin af framkvæmd hans væru á menningarstarfsemi á starfssvæði Eyþings eftir sveitarfélögum og greinum menningar.

## 4 FRAMKVÆMD MENNINGARSAMNINGSINS

Í þessum kafla er samningurinn um samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæði Eyþings um menningarmál, hér nefndur menningarsamningurinn, tekinn fyrir og skoðað hvort ákvæði í einstökum greinum hans hafi verið uppfyllt. Einnig er aðdragandinn rakinn, þ.e. stofnun Menningarráðs Eyþings og hvernig línurnar í starfsemi þess voru lagðar.

### 4.1 Menningarráð Eyþings

Rekja má aðdraganda að stofnun Menningarráðs Eyþings til aðalfundar Eyþings árið 2002. Síðan var unnið áfram að málinu og á aðalfundi Eyþings 25. september 2004 var samþykkt *Stefnuskjal Menningarráðs Eyþings*. Þar var ákveðinn grunnur lagður og tilgreind helstu atriði, þ.e. tilgangur samstarfs í menningarmálum, framtíðarsýn, meginstef í menningarstarfi ásamt markmiðum og viðmiðum. Á fundinum voru einnig staðfestar *Samþykktir Menningarráðs Eyþings*.

Í 9. grein samþykktanna segir um megin skyldustörf fulltrúa í menningarráðinu:

*Megin skyldustörf fulltrúa í Menningarráði Eyþings eru:*

- Að marka stefnu ráðsins milli aðalfunda sem m.a. felst í því að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum á starfssvæði Eyþings, að hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og að stuðla að almennri vitund og þekkingu um menningarmál.
- Að gera þjónustusamninga við viðurkennda aðila um að sinna skilgreindum verkefnum á vegum ráðsins.
- Að hafa eftirlit með öllum rekstri ráðsins og að sjá um að bókhald þess og fjármál séu í fullkomnu lagi.
- Að koma fram fyrir hönd Menningarráðsins fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
- Að úthluta fjármagni til menningarverkefna samkvæmt samningi á milli sveitarfélaga í Eyþingi og ríkisins.
- Að annast endurskoðun samnings ríkis og sveitarfélaga í Eyþingi um menningarmál.

Vorið 2007 dró síðan til tíðinda og á fundi á Húsavík þann 27. apríl 2007 var staðfestur *Samstarfssamningur sveitarfélaga í Eyþingi um menningarmál* og sama dag er dagsettur samningur „*um samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæði Eyþings um menningarmál*“, eins og fram kom í inngangi. Menningarráð Eyþings hélt síðan sinn fyrsta fund 4. maí 2007. Á þeim fundi var farið yfir menningarsamninginn og fylgiskjöl hans. Einnig var gerð grein fyrir næstu verkefnum ráðsins og að móta þyrfti úthlutunarreglur og verkefnaáherslur á svæðinu.

### Í 3. grein menningarsamningsins segir um Menningarráð Eyþings:

*Menningarráð Eyþings er samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og hefur meðal annars það hlutverk að samræma aðgerðir á sviði menningarmála í Eyþingi og standa fyrir öflugum þróunarstarfi í menningarmálum. Það úthlutar fjármagn til menningarverkefna á Norðurlandi eystra samkvæmt ákvæðum samningsins, setur árlega fram stefnu í menningarmálum, auk þess að hafa eftirlit með framkvæmd samningsins.*

*Menningarráð skal skipað þremur fulltrúum austan Vaðlaheiðar og þremur vestan Vaðlaheiðar. Auk þess tilnefnir Háskólinn á Akureyri einn fulltrúa.*

*Kostnaður við starfsemi ráðsins, m.a. vegna aðstöðu og starfsmanns, skal greiddur af því fé sem veitt er til að efna samning þennan og með beinum framlögum sveitarfélaganna á svæðinu.*

Fyrirliggjandi gögn sýna að mikið hefur verið lagt upp úr því að efla samstarf sveitarfélaganna í menningarmálum. Því til staðfestingar má nefna sameiginlega fundi menningarfulltrúa og þá staðreynd að sífellt fleiri sveitarfélög hafa ráðið til sín starfsmenn sem sérstaklega er ætlað að sinna þessum málaflokki.

Skipan menningarráðsins hefur ætíð verið í samræmi við 2. málsgrein 2. greinar menningarsamningsins.

Fjallað er sérstaklega um fjárhagsleg atriði í kafla 4.3.

#### 4.1.1 Starfsemi 2007

Árið 2007 hélt Menningarráð Eyþings sex fundi. Við lestur fundargerða sést að á fundunum hefur ráðið haft góða hliðsjón af áður nefndu stefnuskjali og samþykktum menningarráðsins. Þar kemur m.a. fram að mikilvægt sé að yfirfara kostnaðaráætlanir sem fylgja umsóknum þannig að þær séu samanburðarhæfar. Þetta bendir til þess að hugað hafi verið að jafnræðisreglum svo sem vera ber. Einnig er þess getið að skynsamlegt væri að kortleggja menningarstarf á svæðinu, fjölda viðburða og fleira til að auðveldara verði að meta árangur síðar. Þannig var þegar frá upphafi í starfsemi menningarráðsins hugað að því hvernig uppfylla mætti ákvæði í 9. grein menningarsamningsins um árangursmat, eins og vikið verður að síðar. Hið sama má segja um úthlutunarreglur og verkefnaáherslur, en á öðrum fundi ráðsins var samþykkt að leggja áherslu á verkefni sem tengdust vetrartímanum og börnum og unglíngum. Úthlutunarreglur vegna verkefnastyrkja til menningarmála árið 2007 voru síðan samþykktar á þriðja fundi ráðsins þann 14. júní 2007. Þær eru að vísu ekki tíundaðar sérstaklega í fundargerð, sem þó væri æskilegt, en eru skráðar sem viðauki 9 með skýrslu um starfsemi Menningarráðs Eyþings árið 2007. Reglurnar eru í 10 liðum þar sem m.a. er tilgreint hvers konar verkefni eigi að hafa forgang og einnig er kveðið á um ýmis skilyrði sem umsækjendur verða að uppfylla.

Ákveðin þáttaskil urðu á fjórða fundi menningarráðs þegar samþykkt var að ráða Ragnheiði Jónu Ingimarsdóttur í starf menningarfulltrúa. Við það kom aukin festa í starfsemina, opnuð var skrifstofa og hægt var að vinna af auknum krafti að framgangi menningarsamningsins.

Á síðasta fundi menningarráðs árið 2007, þann 15. nóvember, fór fram fyrsta úthlutun styrkja. Alls bárust 54 umsóknir, samtals að fjárhæð kr. 37.248.250, samkvæmt ársskýrslunni. Unnið var eftir ákveðnu flokkunarkerfi og umsóknirnar metnar út frá því. Samþykkt var að veita styrki vegna 25 verkefna, samtals að fjárhæð kr. 12.265.000. Einstakar styrkfjárhæðir voru frá kr. 100.000 til kr. 1.500.000.

Í skýrslunni um starfsemi Menningarráðs Eyþings árið 2007 er ágæt greining á því hvernig umsóknirnar skiptust á sveitarfélög og listgreinar, en þær eru settar í átta flokka. Flestar umsóknir voru vegna tónlistar, 17 af 54 eða tæpur þriðjungur, en í flokknum annað voru 11 umsóknir. Mun færri var í öðrum flokkum og það endurspeglar áherslur menningarráðsins við þessa úthlutun. Svipuð hlutföll voru í úthlutunum milli listgreina, en 46% umsækjenda hlutu styrk og úthlutað var samtals um 33% þeirrar upphæðar sem sótt var um.

#### 4.1.2 Starfsemi 2008

Árið 2008 hélt Menningarráð Eyþings átta fundi. Á fyrsta fundinum var m.a. rætt um verkefnaáherslur fyrir árið 2008. Þær eru þó hvorki tilgreindar í fundargerð þess fundar né heldur í síðari fundargerðum, en úthlutunarreglurnar liggja fyrir sem viðauki 9 með skýrslu um starfsemi Menningarráðs Eyþings árið 2008. Á öðrum fundi ársins var umræða um útfærslu vinnureglna og þá kom fram að menningarráðinu hefðu borist 74 umsóknir um styrkveitingar. Ekkert er bókað í fundargerð um heildarfjárhæð umsókna, en í ársskýrslu um starfsemi menningarráðsins kemur fram að sótt hafi verið samtals um kr. 61.178.802. Þar kemur einnig fram á hvaða atriði var einkum lögð áhersla við úthlutunina. Á þriðja fundi ráðsins var ákveðið að úthluta samtals kr. 20.385.000 til 49 umsækjenda. Lægsti styrkurinn var kr. 80.000 en sá hæsti kr. 1.000.000. Þetta var aðalúthlutun ársins.

Í skýrslunni um starfsemi Menningarráðs Eyþings árið 2008 kemur fram að menningarfulltrúar landshluta hafi komið sér saman um samræmda flokkun á verkefnum. Búið er að fjölga flokkunum frá árinu áður úr 8 í 12. Flestar umsóknirnar árið 2008 voru í flokknum menningararfur/safnamál, 19 af 74, en aðrir stórir flokkar

eru menningartengd ferðaþjónusta, 12 umsóknir og tónlist, 11 umsóknir. Mun færri var í öðrum flokkum, eins og við var að búast, sbr. auglýsingu um styrki, þar sem m.a. komu fram áherslur úthlutunar í það sinn. Flestir styrkir voru vegna menningararfs/safnamála, 16 talsins. 66% umsækjenda hlutu styrk, sem var talsvert hærra hlutfall en árið áður og úthlutað var samtals um 33% þeirrar upphæðar sem sótt var um, sem var sama hlutfall og árið áður.

Á fjórða fundi ársins var m.a. ákveðið að efna til annarrar úthlutunar, þar sem enn var eftir fé til ráðstöfunar. Ekkert var bókað um sérstakar áherslur við þessa úthlutun, annað en að horft yrði til vetrarstarfs, en í ársskýrslunni kemur fram að einkum hafi verið lögð áhersla á fernt, m.a. verkefni sem tengdust aðventunni, eins og fram kom í auglýsingu. Á fundi menningarráðsins 17. september kom fram að borist hefðu 28 umsóknir. Ekkert var bókað um heildarfjárhæð þeirra, en samkvæmt ársskýrslunni var upphæðin samtals kr. 7.020.000. Á fundinum var samþykkt að veita 19 styrki, samtals að fjárhæð kr. 4.135.000 og einstakir styrkir voru frá kr. 80.000 upp í kr. 300.000, en það var hámarksupphæð að þessu sinni samkvæmt auglýsingu.

Í ársskýrslunni kemur ekki fram hliðstæð greining umsókna og við aðalúthlutun ársins, en um 68% umsækjenda hlutu styrk og úthlutað var samtals um 59% þeirrar upphæðar sem sótt var um.

#### 4.1.3 Starfsemi 2009

Það sem af er þessu ári (30. júní 2009) hefur Menningarráð Eyþings haldið fimm fundi. Mestur tími á þeim hefur farið í úthlutun styrkja. Á öðrum fundi ársins þann 7. mars var lagður fram listi yfir umsækjendur. Ekkert var bókað um fjölda umsækjenda eða heildarfjárhæð, en samkvæmt upplýsingum frá menningarfulltrúa voru þeir 110 talsins og heildarupphæð umsókna var kr. 66.349.000. Samþykkt var að veita 69 styrki, samtals að upphæð kr. 27.945.000. Styrkfjárhæðir voru frá kr. 50.000 til kr. 1.600.000

Styrki fengu því um 62% umsækjenda og úthlutað var um 42% þeirrar fjárhæðar sem sótt var um.

Á fundi menningarráðsins 29. maí var fjallað um árangursmat á framkvæmd menningarsamningsins og að semja við RHA um að vinna það. Þá var einnig rætt um áherslur í starfsemi menningarráðs árið 2010 og samþykkt að efna til aukaúthlutunar styrkja með haustinu.

## 4.2 Markmið menningarsamningsins

Í 1. grein menningarsamningsins er kveðið á um markmið hans. Þar segir:

*„Tilgangur samningsins er að efla menningarstarf í Eyþingi og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga í Eyþingi við slíkt starf í einn farveg. Jafnframt er með samningi þessum stefnt að því að tryggja sem best frumkvæði og áhrif sveitarfélaganna við forgangsröðun verkefna og auka samstarf þeirra við framkvæmd og stefnumótun menningarmála í landshlutanum.“*

Til að meta hvernig til hefur tekist að ná markmiðum menningarsamningsins var spurningalisti sendur til valins hóps. Nánar er fjallað um það í 5. kafla þar sem spurningum og svörum eru gerð frekari skil, ásamt nánari umfjöllun um einstök ákvæði samningsins..

## 4.3 Meðferð fjármuna

Í 3. grein menningarsamningsins segir um ríkisframlag til menningarmála:

*Stuðningur ríkisins, f.h. ríkissjóðs við menningarstarf og samstarf sveitarfélaga í Eyþingi samkvæmt samningi þessum er tvíþættur:*

*a. Veitt er fé til einstakra verkefna, sbr. 5. gr. samningsins.*

*b. Veitt er mótframlag til reksturs Menningarráðs Eyþings, sbr. 2. gr. samningsins.*

*Menntamálaráðuneyti og samgönguráðuneyti beita sér fyrir því að framlög ríkisins verði að lágmarki sem hér segir:*

*a. Árið 2007 25 millj. kr.*

*b. Árið 2008 30 millj. kr.*

*c. Árið 2009 31 millj. kr.*

*Menntamálaráðuneyti greiðir framangreind framlög f.h. ríkissjóðs árlega til Menningarráðs Eyþings, samkvæmt greiðsluáætlun sem ráðið leggur fyrir menntamálaráðuneyti eigi síðar en 15. október ár hvert til samþykktar.*

*Fjárveitingar eru með fyrirvara um samþykki Alþingis.*

*Greiðslur samkvæmt þessari grein taka hvorki til greiðslna til byggðasafna, náttúruminjasafna eða listasafna á grundvelli safnalaga nr. 106/2001 né til héraðsskjalasafna á grundvelli laga um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 með síðari breytingum. Samningur þessi nær ekki til annarra framlaga ríkisins á fjárlögum, en birta skal yfirlit yfir framlög til þeirrar starfsemi í fylgiskjali með samningnum.*

*Samningur þessi nær ekki til framlaga ríkisins til menningarstofnana á Akureyri svo sem nánar er tilgreint í samningi ríkisins og Akureyrarbæjar frá árinu 2006. Framlög til stofnstyrkja eru ekki hluti af samningi þessum og skal um slíka styrki semja sérstaklega milli aðila.*

Framlög ríkisins voru samkvæmt menningarsamningnum árin 2007 og 2008. Árið 2009 var aðeins klipið af því sem samningurinn kveður á um og framlagið varð 30 mkr. Aldrei er gott þegar brugðið er úr frá því sem vænst er samkvæmt samningum, en skoða verður þessa lækkun í ljósi óvenjulegra aðstæðna í þjóðfélaginu.

## Í 4. grein menningarsamningsins segir um hlutverk sveitarfélaga:

*Sveitarfélögin í Eyþingi beita sér fyrir því að heildarframlög þeirra til menningarmála verði að lágmarki sem hér segir:*

*a. Árið 2007 470 millj. kr.*

*b. Árið 2008 470 millj. kr.*

*c. Árið 2009 470 millj. kr.*

*Sveitarfélögin skulu vinna að því að auka ráðstöfunarfé Menningarráðs Eyþings hvort heldur er með framlögum frá einkaaðilum eða með eigin framlögum. Skal við það miðað að árið 2008 nemi framlag sveitarfélaganna a.m.k. 17,5 hundraðshlutum af þeirri heildarfjárhæð sem veitt er til verkefnastyrkja og 25 hundraðshlutum árið 2009. Framlög sveitarfélaga til reksturs Menningarráðs Eyþings, sbr. 2. gr. teljast hluti af ofangreindum skuldbindingum sveitarfélaganna.*

*Sveitarfélögin skulu greiða að lágmarki þriðjung kostnaðar vegna starfsemi Menningarráðs Eyþings, þ.m.t. skrifstofuhald og laun, árið 2008 og helming kostnaðar árið 2009.*

Viðkomandi sveitarfélög hafa ekki öll birt ársreikninga fyrir árið 2008 en á árinu 2007 voru framlög þeirra til menningarmála alls kr. 574.902.439. Miðað við þær upplýsingar sem þó liggja fyrir má fullyrða að sveitarfélögin hafi staðið við samninginn bæði árin og vel það. Samkvæmt áætlunum munu sveitarfélögin standa við sitt árið 2009, en vegna óvenjulegra aðstæðna er fjárhagur sveitarfélaganna í sífældri endurskoðun og því óvarlegt að segja mikið um hver staðan verður í lok ársins.

Á fyrsta starfsári Menningarráðs Eyþings hafði ráðið til ráðstöfunar 25 milljónir króna samkvæmt menningarsamningnum. Styrkloforð voru kr. 12.265.000. Kostnaður við rekstur menningarráðs og skrifstofu árið 2007 var kr. 5.196.897. Tekjur umfram gjöld voru því kr. 7.538.103, sem fluttust til næsta árs. Sveitarfélögin greiddu engin framlög til menningarsamningsins árið 2007, enda var ekki gert ráð fyrir því, en þau stóðu vel við heildarframlag sitt til menningarmála það ár, eins og fram er komið.

Á öðru starfsári menningarráðsins, 2008, hafði ráðið til ráðstöfunar 30 milljónir króna samkvæmt menningarsamningnum, þ.e. frá ríkinu og að auki eina milljón króna samkvæmt samstarfssamningi við RARIK. Jafnframt var eigið fé frá fyrra ári, kr. 7.538.103, samtals kr. 38.538.103.

Styrkloforð menningarráðs árið 2008 voru kr. 24.520.000. Kostnaður við rekstur menningarráðs og skrifstofu var kr. 11.495.471. Tekjur umfram gjöld voru kr. 2.522.632 (38.538.103 – 24.520.000 – 11.495.471). Lækkuð og niðurfelld styrkloforð voru kr. 1.520.000 og fluttust því kr. 4.042.632 til næstu úthlutunar.

Árið 2008 voru framlög viðkomandi sveitarfélaga kr. 5.221.364. Samkvæmt menningarsamningnum átti framlagið að vera a.m.k. 17,5% af heildarfjárhæð til verkefnastyrkja. Ljóst er því að staðið var við samninginn hvað fjárframlög viðkomandi sveitarfélaga varðar og vel það.

Menningarsamningurinn kveður á um að árið 2009 skuli framlag viðkomandi sveitarfélaga nema 25% af þeirri heildarfjárhæð sem veitt er til verkefnastyrkja. Samkvæmt fjárhagsáætlun ársins, sem samþykkt var á aðalfundi Eyþings 4. október 2008 eru tekjur kr. 38.500.000, þar af frá ríkinu 31 mkr. Eins og fram hefur komið er framlag ríkisins 30 mkr. Þegar hefur verið úthlutað tæpum 28 mkr, en í ljósi reynslunnar má búast við að eitthvað af styrkloforðum komi ekki til úthlutunar og einnig er til staðar eigið fé. Þess vegna er borð fyrir báru með aðra úthlutun síðar á árinu.

Að öllu samanlögðu, sbr. ársreikninga Eyþings árin 2007 og 2008 er ljóst að sveitarfélögin sem eru aðilar að samningi um samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæði Eyþings um menningarmál hafa staðið fyllilega við sínar fjárhagslegu skuldbindingar.

#### 4.4 Styrkumsóknir

Í skýrslu um starfsemi Menningarráðs Eyþings árið 2007 kemur fram, þar sem fjallað er um mat á árangri ársins, að af þeim 25 verkefnum sem fengu styrkloforð væri sjö þeirra lokið. Það var mat menningarráðsins að þessi sjö verkefni hefðu verið vel heppnuð og aukið á fjölbreytni menningarlífs á starfssvæðinu.

Í skýrslu ársins 2008 kemur eftirfarandi fram þar sem fjallað er um mat á árangri ársins.

*Af þeim 68 verkefnum sem fengu styrkloforð hjá Menningarráði Eyþings er 54 verkefnum lokið. Sjö aðilar hafa afþakkað styrk og tveir aðilar hafa sótt um breytingu á verkefni og fengið hana samþykkt. 14 verkefni eru enn í vinnslu en mun ljúka á næstu mánuðum. Verkefnum sem þegar er lokið, og greinargerð skilað, eru verkefni sem verða aðeins einu sinni, verkefni sem hafa verið áður og eru árviss sem og ný verkefni sem gætu orðið að hefð á fjórðungsvísu.*

Það var mat menningarráðs á þeim verkefnum sem þegar væri lokið að þau hefðu tekist vel og aukið á fjölbreytileika menningarlífs á svæðinu. Einnig hefðu mörg þeirra skapað einstaklingum grundvöll til atvinnuskapandi verkefna.

Í kafla 4.3 um meðferð fjármuna hafa þegar komið fram upplýsingar um fjölda umsókna og styrkfjárhæðir. Ýmislegt annað í framkvæmd styrkveitinga er áhugavert að skoða, en í 5. grein menningarsamningsins um meðferð styrkumsókna segir:



*Menningarráð Eyþings úthlutar fjármagni til menningarverkefna á Norðurlandi eystra á grundvelli umsókna og gerir skriflega samninga um skyldur styrkhafa vegna þeirra verkefna sem hljóta styrk. Í samningum skulu koma fram markmið verkefna og hvaða mælikvarðar verða lagðir til grundvallar þegar árangur er metinn. Auglýst skal opinberlega eftir umsóknum um styrki.*

*Taka skal m.a. mið af eftirfarandi við afgreiðslu umsókna að:*

- efla samnýtingu og samstarf um menningarmál á svæði Eyþings;
- styrkja menningarlega stöðu svæðisins;
- bæta nýtingu fjármuna til málaflokksins;
- leggja áherslu á samkenni og sérkenni;
- tryggja sem flestum aðgengi að menningu;
- styðja við menningarhátíðir og viðburði;
- auka stuðning við menningarstarf ungs og aldraðs fólks;
- auka veg menningartengdrar ferðaþjónustu og styðja við verkefni sem gætu orðið aðdráttarafl á svæðinu;
- efla nýsköpun í menningarverkefnum og menningartengdri ferðaþjónustu.

Við athugun á ákvæðum 5. greinar er ekki annað að sjá en þar hafi verið vel staðið að málum. Strax á fyrsta fundi menningarráðsins, 4. maí 2007 var rætt um að móta þyrfti úthlutunarreglur og verkefnaáherslur. Það var gert, sbr. samþykkt á þriðja fundi ráðsins 14. júní sama ár. Á 5. fundi ráðsins, 3. október 2007 var eftirfarandi bókað undir 1. dagskrárlið um úthlutun menningarstyrkja:

*Menningarfulltrúinn (RJI) kynnti fyrir fundarmönnum drög að auglýsingu Menningarráðs Eyþings vegna verkefnastyrkja, umsóknareyðublöð fyrir styrk-umsækjendur og matsblað fyrir fulltrúana í ráðinu vegna verkefnastyrkjanna. Í meginatriðum voru fundarmenn sáttnir við formgerðina á þessum eyðublöðum, en gerðu þó athugasemdir við orðalag og framsetningu á efninu. Þá var komið að auglýsingamálum. (RJI) opnaði umræðuna og spurði fundarmenn hvar þeir teldu að best væri að auglýsa. Eftir nokkra umræðu var niðurstaðan sú að Menningarráðið ætti að auglýsa í helgarblöðum landsblaðanna, í staðbundnum blöðum og fara þess á leit við sveitarfélögin að þau setji auglýsinguna á vefsíður og dreifiblöð á þeirra vegum.*

Þannig var þegar frá upphafi leitast við að ganga faglega til verka og eftir að hafa skoðað auglýsingar um styrki til verkefna menningarráðsins verður ekki annað séð en þær endurspegli verkefnaáherslur hverju sinni og settar vinnureglur. Auglýsingarnar hafa fengið ágæta birtingu í fjölmiðlum og þar hafa verið tilgreind þau efnisatriði sem sérstök áhersla hefur verið lögð á við hverja úthlutun.

#### **4.5 Samningur við styrkþega**

Ein af forsendum þess að styrkir séu greiddir til styrkþega er að þeir skili greinargerð um ráðstöfun styrkfjárins. Til að kanna framkvæmd þessa þáttar starfseminnar voru níu greinargerðir valdar af handahófi, þrjár vegna styrkja úr úthlutun 2007 og sex vegna úthlutunar 2008. Greinargerðir ársins 2007 voru vegna styrkja frá kr. 100.000 til kr. 750.000 en greinargerðir síðara árið vegna styrkja frá kr. 85.000 til 700.000.

Viðfangsefnin voru ólík og frá mismunandi stöðum innan svæðisins. Í greinargerðunum kemur fram að styrkirnir hafi verið forsenda þess að hægt var að ráðast í viðkomandi verkefni, enda stóðu þeir yfirleitt undir um helmingi kostnaðar.

Ekki er alltaf gott að átta sig á því hvernig styrkþegar meta eigin vinnu og vera kann að á því sé umtalsverður munur.

Rétt er að taka fram að framangreindar tölur eiga aðeins við um greinargerðirnar níu sem voru skoðaðar, en í heildina talið voru styrkuppþæðir árið 2007 frá kr. 100.000 til kr. 1.500.000, árið 2008 frá kr. 80.000 til kr. 1.000.000 og það sem af er ári 2009 frá kr. 50.000 til kr. 1.600.000, eins og fram kemur í ársskýrslum og fundargerðum Menningarráðs Eyþings.

*„Styrkurinn var algjör forsenda þess að hægt var að fara í þetta verkefni“.*

*„Styrkurinn skipti sköpum varðandi framvindu verkefnisins“.*

*„Styrkurinn frá Menningarráði Eyþings skipti miklu máli því núna var í fyrsta sinn hægt að leggja út í kostnað við að kynna viðburðinn.....“.*

*„Styrkurinn var forsenda fyrir því að.....“.*

Þetta eru nokkur dæmi um það hvernig styrkirnir nýttust verkefnunum að mati þeirra sem þá fengu. Nú er það auðvitað svo að styrkþegar eru yfirleitt jákvæðir og ekki sennilegir til að gera lítið úr þýðingu þess að hljóta styrk. Engu að síður má ljóst vera að styrkirnir hafa í mörgum tilvikum skipt sköpum um að einstök verkefni komust á koppinn og tókust vel. Það má ekki aðeins lesa út úr umsögnum styrkþega um hvernig styrkirnir nýttust, heldur má einnig sjá það í uppgjörstölum. Áberandi er að hluti af styrkveitingum hefur farið í auglýsingar og kynningar og það hefur væntanlega haft mikið að segja fyrir mörg verkefni, þó önnur séu þess eðlis að það átti ekki við.

Frásagnir styrkþega af framkvæmd verkefnanna eru misjafnar, flestar góðar, sumar afbragð en ein frekar snubbótt í því úrtaki sem skoðað var. Athygli vekur að jafnvel þeir sem hafa fengið lága styrki gera góða grein fyrir framkvæmd verkefnis. Í heildina talið má segja að vel hafi til tekist með formið á greinargerðum vegna ráðstöfunar styrkfjár og að í miklum meirihluta tilvika hafi styrkþegar skilað þeim sómasamlega til menningarráðsins, eins og til er ætlast.

## 5 ÁHRIF MENNINGARSAMNINGSINS

Í þessum kafla er fjallað um niðurstöður könnunar sem gerð var til að meta áhrifin af framkvæmd menningarsamningsins. Spurningalisti var sendur í tölvupósti til 30 einstaklinga sem tengjast menningarmálum þann 22. júní. 20 svör bárust frá 24 þeirra, en í nokkrum tilvikum voru svör sameiginleg, t.d. þegar framkvæmdastjóri sveitarfélags og menningarfulltrúi sameinuðust um svar. Stundum var einstökum spurningum ekki svarað og það skýrir hvers vegna svörin eru ekki alltaf 20 í heildarsamantektinni í kafla 5.2. Fyrstu dagana eftir útsendingu spurningalistans voru heimtur svara góðar, en síðan gerðist lítið. Í byrjun júlí var hringt í 9 einstaklinga og óskað eftir svörum. Flestir þeirra brugðust þá vel við og sögðust svara, en dráttur varð samt á svörum og þau síðustu bárust 10. júlí. Öllum sem sendu inn svör er þakkað kærlega fyrir þær upplýsingar sem þar koma fram, enda eru þær mikilvægar við mat á framkvæmd menningarsamningsins.

### 5.1 Spurningar til valins hóps

Eftirfarandi spurningalisti var sendur til valins hóps, þ.e. framkvæmdastjóra og/eða oddvita og starfsmanna sveitarfélaga sem sérstaklega sinna menningarmálum, þar sem þeir eru til staðar. Einnig voru spurningarnar sendar til nokkurra stofnana og einstaklinga sem vinna að menningarmálum.

1. Telur þú að framboð menningarviðburða hafi aukist, minnkað eða staðið í stað á Norðurlandi eystra eftir að Menningarráð Eyþings tók til starfa og gerður var samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæði Eyþings um menningarmál, dags. 27. apríl 2007?
2. Á hvaða menningarsviðum telur þú að framboð hafi aukist, minnkað eða staðið í stað síðan menningarsamningurinn var gerður?
3. Telur þú að aðsókn að menningarviðburðum hafi aukist, minnkað eða staðið í stað síðan 2007?
4. Hvað telur þú að betur megi fara í menningarstarfsemi á starfssvæði Menningarráðs Eyþings?
5. Þekkir þú til nýrra félaga eða fyrirtækja í menningarstarfsemi eða menningartengdri ferðaþjónustu sem stofnuð hafa verið síðan 2007? Ef svo er, hver eru þau?
6. Telur þú að menningarverkefni sem hlotið hafa styrk frá Menningarráði Eyþings hafi skilað sér í fleiri störfum? Ef svo er, þá hverjum?
7. Telur þú að einhverjar breytingar hafi orðið á þátttöku í menningarstarfi á Norðurlandi eystra undanfarin tvö ár eftir að Menningarráð Eyþings hóf að úthluta verkefnastyrkjum?
8. Finnst þér hafa orðið breytingar á kynningu og umræðu um menningarstarf á Norðurlandi eystra undanfarin tvö ár? Ef svo er, hvaða breytingar hafa orðið?

## 5.2 Svör við spurningum, stutt yfirlit

Eftirfarandi er stutt samantekt á þeim svörum sem bárust.

1. **Telur þú að framboð menningarviðburða hafi aukist, minnkað eða staðið í stað á Norðurlandi eystra eftir að Menningarráð Eypings tók til starfa og gerður var samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæði Eypings um menningarmál, dags. 27. apríl 2007?**

Tvennt kom einkum fram sem svör við 1. spurningu. Annars vegar að framboð hefði aukist, en 14 svarendur töldu að svo hefði verið. Jáyrðin eru með ýmsu móti. „Tvímælalaust“. „Aukist“. „Framboð menningarviðburða hefur aukist og þeir hafa verið gerðir sýnilegri með aukinni upplýsingagjöf og umfjöllun“. Hins vegar voru 6 svarendur sem töldu sig ekki hafa forsendur til að meta þetta, voru ekki vissir eða höfðu fyrirvara.

2. **Á hvaða menningarsviðum telur þú að framboð hafi aukist, minnkað eða staðið í stað síðan menningarsamningurinn var gerður?**

Algengasta svarið er að aukning hafi orðið á öllum sviðum. Það telja 6 svarendur, en 4 nefna menningartengda ferðapjónustu. 3 nefna myndlist og tónlist. Síðan eru mismunandi svör, en 2 svarendur nefna sérstaklega að framboð sviðslista hafi staðið í stað og 1 telur sig ekki hafa forsendur til að meta þetta.

3. **Telur þú að aðsókn að menningarviðburðum hafi aukist, minnkað eða staðið í stað síðan 2007?**

Svörin eru þríþætt. 14 svarendur telja að aðsókn að menningarviðburðum hafi aukist, 1 að aðsóknin hafi staðið í stað og 4 telja sig ekki hafa forsendur til að meta þetta.

4. **Hvað telur þú að betur megi fara í menningarstarfsemi á starfssvæði Menningarráðs Eypings?**

Þessi spurning er mjög opin og þar af leiðandi eru svörin margvísleg og nokkuð erfitt að setja þau í flokka. Tvennt er þó algengast. 6 svarendur nefna aukið samstarf og meiri tengingu milli svæða og 5 telja að ekkert sérstakt megi betur fara og virðast því ánægðir með það sem er. 3 telja sig ekki hafa forsendur til að benda á eitthvað sérstakt og 2 nefna að sinna mætti ungu fólki betur með aukna fjölbreytni í huga. Síðan eru einstök svör um kynningarátök á tilteknum svæðum eða að gera þurfi betur við leiklist. Athyglisvert er að 2 nefna það að hætta eigi áherslustýringum hvers árs, þ.e. að við hverja úthlutun sé lögð áhersla á fáeina tiltekna þætti.

5. **Þekkir þú til nýrra félaga eða fyrirtækja í menningarstarfsemi eða menningartengdri ferðapjónustu sem stofnuð hafa verið síðan 2007? Ef svo er, hver eru þau?**

Þetta er já eða nei spurning í grunninn. 13 svara játandi og tilgreina ýmis félög, fyrirtæki eða viðburði, en 6 svara neitandi.

**6. Telur þú að menningarverkefni sem hlotið hafa styrk frá Menningarráði Eypings hafi skilað sér í fleiri störfum? Ef svo er, þá hverjum?**

Eins og við mátti búast eru svörin þríþætt. 14 svarendur telja að styrkveitingar hafi skilað sér í fleiri störfum, beint eða óbeint og nefna dæmi, 4 segjast ekki hafa vitneskju til að svara spurningunni og 2 svara neitandi.

**7. Telur þú að einhverjar breytingar hafi orðið á þátttöku í menningarstarfi á Norðurlandi eystra undanfarin tvö ár eftir að Menningarráð Eypings hóf að úthluta verkefnastyrkjum?**

16 svara játandi og nefna t.d. að fólki hafi aukist kjarkur og fleiri hugmyndir hafi orðið að veruleika eða komist á umræðustig. Þá hafi fjölbreytni aukist og fleiri verið tilbúnir til þátttöku í skapandi verkefnum. 3 segjast ekki vita þetta eða eru í vafa.

**8. Finnst þér hafa orðið breytingar á kynningu og umræðu um menningarstarf á Norðurlandi eystra undanfarin tvö ár? Ef svo er, hvaða breytingar hafa orðið?**

15 svara játandi og nefna sem dæmi að umræða og kynning hafi aukist og orðið markvissari og meira áberandi. 3 segjast ekki vita hvort breytingar hafi orðið á kynningu og umræðu um menningarstarf.

Eins og framangreind samantekt ber með sér eru svörin í miklum meirihluta jákvæð, yfirleitt 12 til 16 af 20 þegar þannig er hægt að svara. Afar lítið er um neikvæðni. Af þessu verður ekki dregin önnur niðurstaða en sú að forsvarsmenn viðkomandi sveitarfélaga séu almennt ánægðir með framkvæmd menningarsamningsins og hið sama má segja um forsvarsmenn á nokkrum sviðum lista og menningar.

### **5.3 Svör við spurningum, heildar samantekt**

Hér á eftir eru birt öll svör við spurningunum. Þau eru leiðbeinandi fyrir vinnu Menningarráðs Eypings og geta komið að gagni við endurnýjun á menningarsamningi. Svörin bera það með sér að almenn ánægja er með framkvæmd þess samnings sem nú er unnið eftir og ljóst er að starfsemin aftar mörgum lífsviðurværis, m.ö.o. litið er á menningarstarfið sem atvinnu og henni fylgja verðmæt störf. Svörin eru sett fram með þeim hætti að þau séu ekki rekjanleg í heildina frá hverjum svaranda, þó svör við einstökum spurningum gefi til kynna hvaðan þau koma.

Svörin eru að mestu sett fram í stafrófsröð eftir eðli þeirra, (jákvæð, hlutlaus, neikvæð). Það á að auðvelda yfirsýn, en tryggir jafnframt að ekki er hægt að rekja heildarsvör einstakra svarenda til þeirra. Með því næst tvennt. Mikilvægum upplýsingum er komið á framfæri, án túlkunar höfundar þessarar skýrslu, en um leið er trúnaðar gætt við þá sem veittu svörin.

1. Telur þú að framboð menningarviðburða hafi aukist, minnkað eða staðið í stað á Norðurlandi eystra eftir að Menningarráð Eyþings tók til starfa og gerður var samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæði Eyþings um menningarmál, dags. 27. apríl 2007?

*Að mínu mati hefur framboð menningarviðburða aukist.*

*Aukist.*

*Aukist.*

*Aukist.*

*Framboðið hefur aukist.*

*Framboðið hefur aukist að mínu mati.*

*Framboð menningarviðburða hefur aukist að okkar mati.*

*Framboð menningarviðburða hefur aukist og þeir hafa verið gerðir sýnilegri með aukinni upplýsingagjöf og umfjöllun.*

*Já ég tel að framboð hafi aukist bæði af smærri og stærri viðburðum.*

*Já, ég tel að framboð menningarviðburða hafi stóraukist á undanförunum tveimur árum.*

*Já, það hafa fengist viðburðir sem aldrei hefði verið farið í að öðrum kosti.*

*Já það tel ég tvímælalaust.*

*Tvímælalaust!*

*Það er mitt mat að framboð menningarviðburða hafi aukist umtalsvert á öllu Eyþingssvæðinu með tilkomu Menningarráðs Eyþings og samstarf þess við ríki og bæ.*

*Aukning er ekki greinileg ef hún er einhver hér í sveit. Hinsvegar hafa þeir viðburðir sem fyrir eru fengið styrk og þannig auðveldað og ýtt undir gott menningarstarf.*

*Ég hef ekki forsendur til að meta hvort framboð hafi aukist eða minnkað þar sem ég tók við starfi menningarfulltrúa Fjallabyggðar í október 2007. Hins vegar hafa viðburðirnir Stuttmyndafestivalið Stulli bæst við menningu Fjallabyggðar 2008 og Listnámskeið barna með áherslu á hafið í tengslum við Sjómannadagshátíð og List án landamæra var nýtt nú í ár 2009.*

*Ég hef ekki samanburð milli ára en ég held að framboðið hafi frekar aukist en hitt þ.e. að fleiri viðburðir eigi sér stað eða verði að veruleika en oft áður. Ég geri hins vegar fyrirvara á þessari spurningu (og öðrum í þessari könnun), þar sem hún bendir til þess að eini/helsti mælikvarðinn á hvort að vel hafi tekist með samninginn séu tölfræðileg.*

*Hef aðeins búið á svæðinu í fimm mánuði svo svör mín verða fátækleg. En hef þó heyrt um menningarviðburði sem greinilega hafa byggst á framlagi menningarráðsins.*

*Hef ekki forsendur til að meta það, gæti hafa aukist.*

*Það er afar erfitt fyrir mig að meta þetta þar sem ég hóf störf haustið 2006 og var ekki inn í þessum málum fyrstu mánuðina.*

2. Á hvaða menningarsviðum telur þú að framboð hafi aukist, minnkað eða staðið í stað síðan menningarsamningurinn var gerður?

*Aukist sérstaklega varðandi bókmenntir og vitund um þann þátt hér á svæðinu. Sá þáttur var varla fyrir hendi áður. Einnig má nefna tónlist, en boðið hefur verið upp á óvenjumarga viðburði því tengdu. Þetta smitar út því það er eiginlega orðið sjálfsagt að mánaðarlega sé viðburður af því tagi.*

*Á flest öllum sviðum, sérstaklega þá eins skiptist eða árlegum viðburðum. Gæti verði að minnsta aukningin væri í myndlistarsýningum. Einnig hefur samningurinn styrkt við þá atburði sem áður voru í burðarliðum.*

Á flestum sviðum en ekki síst tengd menningartengdri ferðaþjónustu.

Ég tel að mesta aukningin hafi verið í viðburðum sem tengjast menningartengdri ferðaþjónustu og þá í býsna viðum skilningi þess orðs.

Ég tel að menningarsamningurinn hafi orðið til þess að einstaklingar og stofnanir af ýmsum gerðum hafi í auknum mæli tekið höndum saman til að efna til viðburða. Það hefur orðið til þess að framboðið á viðburðum sem eru þvermenningarlegir (ef maður má nota það orð) hafi orðið meira þ.e. að menningarsamningurinn hafi orðið til þess að það sem voru aðskilin svið áður eru nú í auknum mæli farin að vinna saman.

Ég tel að aukning hafi orðið á tónlistarviðburðum sem og ýmsum verkefnum sem tengjast ferðaþjónustu.

Ég tel að framboð viðburða hafi aukist á öllum listsviðum á öllu svæðinu.

Framboð á menningarviðburðum hefur almennt aukist, einkum á það við um ýmsar listsýningar, tónlistarviðburði og fræðslufundi um menningu. Framboð á sviðslistum hefur staðið í stað.

Framboð á tónlistar- og myndlistarviðburðum hefur aukist.

Listarsviðum einna helst.

Menningartengd ferðaþjónusta hefur eflst, m.a. fjölbreyttar menningardagskrár verið haldnar.

Mér finnst líklegt að það hafi aukist á öllum sviðum.

Mér sýnist framboð hafa aukist í myndlist og tónlist, en kannski síður í sviðslistum.

Mitt mat er að aukning hafi orðið á samstarfi listamanna innan Eyþings og viðburða sem fleiri en einn aðili koma að sýningu eða viðburði. Svo sem vegna handverkshátíða, listagöngu o.m.fl.

Safnastarfsemi aukist. Fjölbreytni á öllum sviðum sem lýsir sér í auknu samstarfi innan og milli listgreina og milli svæða. Aukin þátttaka ungs fólks og listgreinar sem þau eru öflug í s.s. kvikmyndagerð. Tel ekki að neitt hafi minnkað. Fókus á fjölbreytni í listum.

Um er að ræða verkefni fyrir börn og unglunga auk fatlaðra einstaklinga.

Það er okkar mat að framboð hafi aukist á öllum sviðum.

Aðsókn að minni uppákomum hefur haldist svipuð en dróst saman á Handverkshátíð sem er okkar stærsti viðburður.

Hef ekki forsendur til að meta það.

### 3. Telur þú að aðsókn að menningarviðburðum hafi aukist, minnkað eða staðið í stað síðan 2007?

Aukist.

Aukist.

Aukist verulega.

Aukist þar sem úrval er orðið fjölbreyttara.

Ég held að aðsóknin sé alltaf að aukast.

Gera má ráð fyrir því að aðsóknin hafi aukist.

Ég mundi telja að aðsókn á menningarviðburði hvers konar hafi aukist samfara auknu framboði en hef þó ekkert annað fyrir mér nema tilfinninguna um að svo sé og almennar umræður manna á milli.

Ég tel að aðsókn í heild hafi aukist, aðsókn að einstökum viðburðum kann að hafa staðið í stað en viðburðum hefur fjölgað.

Ég tel að aukning hafi orðið á aðsókn á undanförunum árum allavega hvað aðsókn að tónleikum varðar.

Já, ég tek að aðsókn hafi aukist. Það líka gaman og áberandi hvað bærinn verður iðandi af lífi alltaf þegar nýjar sýningar opna, eða sérstakar dagskrár eru í gangi.

Með auknu framboði viðburða og skilvirkari kynningu á þeim hefur aðsókn aukist jafnt og þétt.

Mitt mat er að það hafi verið aukning – og það þónokkur.

Tvímælalaust aukist. Við bendum einnig á aðkomu skólanna, grunn- og leikskóla með hópa á viðburði.

Um leið og fjölbreytni í viðburðum eykst verður aðsókn betri og menningarneysla lærist.

Aðsókn á þessa nýju menningarviðburði var nokkuð góð og aðsókn á aðra eldri viðburði er svipaður og fyrri ár, að sögn heimamanna.

Ég hef ekki samanburð milli ára til að svara þessari spurningu. Ég held þó (educated guess) að aðsókn hafi frekar aukist en hitt.

Hef ekki forsendur til að meta það.

Veit ekki.

Það er ómögulegt að segja um aðsókn, það hefur alltaf verið öflugt menningarlíf hér í Þingeyjarsveit og ekki er fylgst með aðsóknartölum á skrifstofu sveitarfélagsins.

#### 4. Hvað telur þú að betur megi fara í menningarstarfsemi á starfssvæði Menningarráðs Eyþings?

Aukið samstarf er alltaf til bóta.

Ég er mjög sátt við starfsemi Menningarráðs Eyþings en fjármagn til menningarstarfsemi mætti vera meira.

Ég mundi telja að menningarstarfsemin á svæðinu sé í góðum farvegi. Samstarf hefur aukist sem er gott. Þó hefur mér stundum fundist áherslur ráðsins hverju sinni vera eilítið bindandi og á þá við þegar áherslan er sett á samvinnu ákveðið margra sveitarfélaga á svæðinu, í stað þess að hafa það valfrjálst hvort samvinnan snúist um listafólkið sjálft frekar en í hvaða sveitarfélögum það er staðsett. Það má í staðinn setja skilyrði um að viðburðurinn verði sýndur í fleiri en einu sveitarfélagi á Eyþingssvæðinu.

Gott starf má alltaf bæta.

Hætta áherslum hvers árs. Við teljum stýringuna óeðlilega.

Kannski að leggja meiri áherslu á tengingu milli svæða t.d. þegar samstillt átak er í gangi s.s. sumarsólstöður á Norðurlandi eða eitthvað sambærilegt, að tímanlega sé þá farið að kynna slíkt þannig að þeir aðilar sem ætla að taka þátt séu í sambandi og viti hver af öðrum ef um samstillt átak á vera að ræða! Þetta eru reyndar bara hugrenningar mínar, því svo er auðvitað stundum allt í lagi að svipaðir hlutir séu að gerast á fleiri en einum stað og á sama tíma. En mér finnst fólkið sem starfar á vegum Eyþings standa sig með þryði, er hvetjandi og ábyrgðarfullt. Og eins hafa styrkirnir verið vel kynntir og menningarfulltrúin haldið kynningarfundum á svæðinu og er það vel!

Leggja mætti enn frekari áherslu á þátttöku almennings og að draga fram þá menningarstarfsemi sem fyrir er. Margt jákvætt er í gangi sem ekki hlýtur styrk af því að það er ekki nógu nýtt. Mikilvægt að áhersla sé á að varðveita það sem fyrir er og efla það ekki síður en að koma inn með nýtt.

Listamenn mættu taka norðausturhornið með í hringferðum sínum um landið, en það virðist vera „gleymt“ svæði. Það myndi hvetja íbúa til að iðka listir og menningu sjálfir.



*Menningarráðið ætti kannski að gera kynningarátak hjá tónlistarfólki á góðum tónlistarhúsum, svo dæmi sé tekið.*

*Meiri samvinna aðila til að gera betri hluti er mikilvæg.*

*Mér finnst ég ekki alveg dómbær á það þar sem ég hef ekki búið hér svo lengi, en ég held að það megi alltaf bæta samstarf og samræður í slíkum efnum sem menningarmálum.*

*Styðja meir við grasrótina svo sem listhússýningar og tónleikasali og aðra þá er sýna það og sanna að þeir færa aukið líf í menningu svæðisins. Kannski þarf að breyta úthlutunarreglum til að auðvelda þetta.*

*Vantar meira samstarf og samráð á svæðinu þannig að viðburðir rekist ekki á.*

*Við erum mjög ánægð með menningarstarfsemina í dag og okkur kemur ekkert til hugar sem þarf að bæta að svo stöddu.*

*Það er aðallega tvennt: annars vegar að menn horfi gagnrýnum augum á það sem verið er að styrkja og spyrji sig hvort að verið sé að fara rétta leið og um leið hvort að eitthvað sé útundan. Er t.a.m. rétt hlutfall kynja í úthlutunarnefnd og einnig, eru fulltrúa yngri kynslóðarinnar með í ráðum? Hvernig stendur samningurinn sig gagnvart kynslóðum, kynjum og öðrum hópum? Á menningarráð að fylgja samskonar stefnu og önnur menningarráð í öðrum landshlutum? Hvað segja einstaklingar og fulltrúar stofnana á svæðinu um þetta, hvað mætti betur fara? Hins vegar finnst mér að menningarsamningurinn sé túlkaður of þröngt, en mér finnst að úthlutunarstefnan sé sú að eingöngu eigi að styrkja verkefni sem eigi sér landfræðilega stað á Norðurlandi eystra. En maður spyr sig þá; eiga einstaklingar og stofnanir þar ekkert erindi út fyrir þau landfræðilegum mörk? Mitt svar við því er jú, heilmikið og mér finnst að úthlutunarnefnd/nefndir eigi að huga að þeirri spurningu við mat á umsóknum.*

*Það er erfitt að segja, ætli það væri ekki helst á sviði leiklistar.*

*Það er kannski of snemmt að útlista það. Svona framfarir þurfa tíma til að þróast og þroskast. En það má minna skipuleggjendur viðburða og hátíða á að það borgar sig alltaf að tala saman og vera meðvitaður um hvað nágranninn er að gera og jafnvel að hjálpast að og samnýta t.d. listamenn.*

*Það mætti gjarnan vera enn meiri fjölbreytni og fleiri tækifæri fyrir unga listamenn til að koma sér á framfæri.*

*Þetta snýst mikið um frumkvæði heimamanna og tíma sem fólk hefur eða gefur sér til að bera ábyrgð á atburðum. Það þyrfti kannski að skipuleggja heima fyrir hver á að gera hvað og fyrir hvern. Ég hef ekkert út á sjálft Menningarráðið að setja.*

*Hef ekki forsendur til að meta það.*

*Veit ekki.*

**5. Þekkir þú til nýrra félaga eða fyrirtækja í menningarstarfsemi eða menningartengdri ferðaþjónustu sem stofnuð hafa verið síðan 2007? Ef svo er, hver eru þau?**

*Dæmi: Verksmiðjan á Hjalteyri, Amtmannssetrið á Möðruvöllum, Ferðafélagið í Hrísey, Rauðanesdagurinn og endurbættur bækingur Listasumars sem kynnir nú menningar- og listviðburði á öllu svæði Menningarráðs Eyþings.*

*Ég þekki t.d. til Verksmiðjunnar á Hjalteyri, Sögugöngunnar og var svo að fréttu af Utgerðarminjasafni sem er verið að opna á Grenivík. Þetta eru bara nokkur dæmi.*

*“Félag” ungs fólks sem starfar að kvikmyndagerð – tengist félagsmiðstöðum. Veit að styrkir Menningarráðs Eyþings skipta oft sköpum fyrir lítil fyrirtæki í menningarstarfsemi.*

*Frumkvöðlasetrið Rauðka á Siglufirði hefur unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu á Siglufirði.*

Já, Svartárvot Menning og Náttúra, Fuglasafnið í Mývatnssveit sem dæmi. Gallery Ljósfang Raufarhöfn.

Já, t.d. Verksmiðjan á Hjalteyri og Myndlistarfélagið.

Já. Verksmiðja á Hjalteyri. Þá má nefna Gásakaupstað sem var formlega stofnaður í des 2007. Einnig hófst starfsemi Leikhússins á Möðruvöllum á árinu 2007. Vorið 2009 tóku aðilar í menningar- og sögutengdri þjónustu á Hörgárvæðinu sig saman og gerðu sameiginlegan þjónustuvef. Hann verður formlega opnaður síðsumars 2009.

Menningarfélagið Berg, Gásakaupstaður, Listasmiðjan Húsabakka, Náttúrufræðisetrið að Húsabakka, Listasafn Fjallabyggðar og ýmsir eins skiptist atburðir.

Mér nærtækast er Rauðka ehf, og sksiglo.is, en þar er verið að bjóða ferðamönnum og gestum að fara í gegnum gríðarlega stórt ljósmyndasafn og skrá niður upplýsingar um myndirnar. Hvet ég Eyþing til að kynna sér það sem þar er boðið upp á.

Nærtækt dæmi er Útgerðarminjasafnið á Grenivík. Þar styrkti menningarráðið safnið myndarlega.

T.d. handverkshópur á Kópaskeri í samvinnu við fleiri á Norðurlandi. Skjálftasetrið á Kópaskeri. Siglingar norður yfir heimskautsbaug frá Raufarhöfn. "Inn milli fjallanna í Þistilfirði" menningardagskrá í Svalbarðsskóla tileinkuð ævi og verkum Jóns Trausta, ganga með leiðsögn á Öxarfjarðarheiði um söguslóðir Höllu og heiðarbýlisins. Stefnt er á að "Inn milli fjallanna" verði árviss viðburður þ.e. gönguferð og menningardagskrá, á t.d. að halda þetta á svipuðum nótum og í fyrra sunnudaginn 18.júlí n.k. Rauðanesdagurinn > Sólstöðugleði við Þistilfjörð þar sem lögð var áhersla á að kynna þessa náttúruperlu Íslands (sem sumir nefna falda leyndarmálið) sem Rauðanesi er bæði með því að bjóða uppá siglingu frá Þórshöfn vestur Þistilfjörð að Rauðanesi einnig gönguferðir um nesið með leiðsögn. Gebris verkefnið hefur líka skilað góðum árangri á þessu svæði þ.e. frá Kelduhverfi til Bakkafjarðar, fólk hefur m.a. unnið saman að menningartengdri ferðaþjónustu á þessu svæði.

Verksmiðjan Hjalteyri er eitt af þeim dæmum.

Það sem ég hef í huga eru ef til vill frekar verkefni heldur en félög eða fyrirtæki sbr. Stuttmyndafestivalið Stulli, Verksmiðjan á Hjalteyri, jólamarkaður í Svarfaðardal, Aðventuævintýri, prógrammið Förumenn og flakkarar, Helgi magri gönguleiðsögn (það mundi flokkast sem félag eða fyrirtæki), Útgerðarsafnið á Grenivík og AIM festival, Gásakaupstaður og fl.

Ekki sem við vitum um hér í Þingeyjarsveit.

Ekki það ég geti farið með.

Kannski ekki nýrra aðila en nefna má að starfsemi Sauðaneshúss hefur stóreflst. Við þurfum að marka okkar sérstöðu í menningartengdu starfi og síðan búa okkur til störf því tengdu.

Nei.

Nei, en ég þekki til einstaklinga sem hafa fengið styrk frá ráðinu til að standa fyrir merkilegri menningartengdri starfsemi en urðu að skila styrknum vegna þess að gátu ekki fjármagnað laun sín til að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Spurning er hvort að menningarsamningurinn einn sé nægilegur til þess að hleypa alvöru menningarstarfsemi í gang (sem endist lengur eitt skipti) og hvort ekki þurfi að koma til fjárstuðningur við t.d. stofnanir á menningarsviði.

Þekki ekki til nýrra fyrirtækja sem þó eflaust hafa verið stofnuð.

**6. Telur þú að menningarverkefni sem hlotið hafa styrk frá Menningarráði Eyþings hafi skilað sér í fleiri störfum? Ef svo er, þá hverjum?**

Allt er þetta að þróast og eflast hér á Norðausturlandi, enn og aftur kærar þakkir til Eyþings fyrir hvatninguna. Það má segja að ferðaþjónusta hafi verið hér á byrjunarreit of lengi, en þessu síðustu tvö ár hefur hún eflst til muna.

Ef ég tek dæmi af framleiðslu á bæklingi Listasumars, þá eru þar mörg störf sem koma að útgáfu hans: Starfsmenn Menningarmiðstöðvarinnar – öflun efnis, textagerð og þýðingar, starfsmenn þeirra viðburða sem kynntir eru í bæklingnum eða auglýstir (margfeldisáhrif í öðrum bæjarfélögum), starfsmaður við hönnun og uppsetningu, starfsmenn í prentsmiðju, starfsmenn á póstinum og öðrum flutningafyrirtækjum við dreifingu og starfsmenn á upplýsingamiðstöðum við kynningu.

Engin spurning er að sú starfsemi sem fyrir er hefur eflst og án efa hefur það skilað sér í fleiri störfum, a.m.k. hlutastörfum. Erfitt er að tilgreina sérstaklega hvað, hvar og að hvaða marki. Áhugavert væri að Menningarráð Eyþings kanni eða standi fyrir könnun á því á meðal styrkþega.

Ég tel alveg víst að menningarverkefni sem eru styrkt skili fleiri störfum. Ég get þó ekki nefnt þau sérstaklega hér.

Já, að minnsta kosti tímabundið. Þingeystur sögugrunnur er t.a.m. verkefni sem var styrkt af ráðinu og skilaði sér í fleiri (tímabundnum) störfum.

Já ég mundi telja að svo sé. Oftar en ekki þarf t.d. verkefnisstjóra vegna utan um halds, starfsmann í ýmiskonar gagnaskráningar, tónlistarfólk fær aukin verkefni og svo framvegis.

Já örugglega, aðallega afleiddum störfum á ýmsum sviðum þjónustu.

Kannski tímabundnum störfum, ekki heilsársstörfum.

Listamenn eru frekar að fá greitt fyrir vinnu sína nú en áður. Einnig hefur þetta haft áhrif í hlutastörfum og í afleiddum störfum s.s. ferðaþjónustu. Kannski ekki bein störf en starfshlutföll og afleidd áhrif hafa án efa átt sér stað.

Styrkir hafa skilað nokkrum hlutastörfum, t.d. við ritun bókar um hinn forna Gásakaupstað, og fært sjálfstætt starfandi listamönnum fleiri verkefni en ella, t.d. í Verksmiðjunni á Hjalteyri.

T.d. útsýnissiglingar frá Raufarhöfn. Kaffihús þar líka. Merkingar á Skálum, þar hefur verið unnið gott starf og verða merkingarnar komnar upp alveg á næstunni skilst mér. Það væri hægt að nefna fleira á þessum nótum. Merkingar gönguleiða auka vinsældir þeirra og kalla á leiðsögn sem hefur líka orðið til þess að fólk af svæðinu sótti leiðsagnarnámskeið hér í vor, þannig að allt er þetta keðjuverkandi, og enn og aftur, gagnast svæðinu í heild, eflir það og styrkir.

Verkefni hafa tvímælalaust skilað sér í tímabundnum störfum. Þekki ekki nógu vel til styrkveitinga til að get metið hvað orðið hefur til af varanlegum störfum. Einkum er um að ræða verkefnisstjórn og störf þátttakenda í verkefnum.

Það er nokkuð mismunandi eftir verkefnum. Ný bein störf eru ekki mörg en þó má nefna námskeiðshaldara, listamenn og aukna vinnu þjónustuaðila. En svo eru starfsmenn sem vinna í sjálfböðavinnu til þess að þessi verkefni verði að veruleika og er hitinn og þunginn á þeim aðilum.

Það hversu margir hafa fengið úthlutun á hverju ári frá Eyþing hefur að mínu mati orðið til þess að fleiri verkefni hafa litið dagsins ljós. Þar af leiðandi skapast ýmiskonar tímabundin störf tengd öllu því skipulagi sem hver viðburður krefst.

Þar get ég nefnt Útgerðarminjasafnið, þar er hálfst stöðugildi við safnið í sumar.

Það má búast við því, en ég þekki ekki nógu vel til varðandi þetta mál.

*Þekki ekki til þess beinlínis, en veit þó að ferðaþjónustuaðilar njóta góðs af menningarviðburðum, hvort sem þeir halda viðburðina sjálfir eða aðrir á svæðinu.*

*Ekki viss.*

*Ég þekki þetta ekki til að meta það.*

*Það væri kannski ofmælt að það verði til ný störf en verkefnið auka veltuna í t.d. veitingastarfsemi og mögulega gistingu fyrir aðkomna aðila, t.d. listamenn.*

*Ekki hér í sveit.*

**7. Telur þú að einhverjar breytingar hafi orðið á þátttöku í menningarstarfi á Norðurlandi eystra undanfarin tvö ár eftir að Menningarráð Eyþings hóf að úthluta verkefnastyrkjum?**

*Að mínu mati hafa ýmsir aðilar sem eru að fara af stað með lítil verkefni fengið gott tækifæri í gegnum Eyþing til að koma verkefnum og hugmyndum í framkvæmd. Verkefnastyrkir Menningarráðs Eyþings hefur verið afar góður kostur fyrir menningarstarfið hér á svæðinu og gert marga drauma að veruleika.*

*Ég held að samvinna milli aðila hafi aukist.*

*Ég held ég megi fullyrða að nú sé það ekki kostnaðurinn sem hamlar verkefnum, þetta er meira spurning um vilja og frumkvæði heimamanna. Sem betur fer eru samt alltaf einhverjir sem eru með ýmislegt á þróunum.*

*Finnst líklegt að það hafi aukist eitthvað.*

*Fjölbreyttara framboð atburða.*

*Já ég met það svo – ég skynja meiri vakningu á menningarmálum með tilkomu Menningarráðs Eyþings. Ráðið er vel sjáanlegt og sérstaklega Ragnheiður Jóna menningarfulltrúi.*

*Já, ég tel að menn séu meðvitaðri um möguleikana með tilkomu styrkja Menningarráðsins. Og margir sem hafi dreymt um það lengi að framkvæma list- eða menningarviðburð látið af því verða.*

*Já fólk er meðvitaðra um mikilvægi menningar á svæðinu, hugur er í fólki að koma á ýmsum menningarviðburðum og styrkirnir hvetja verulega til þess því allt kostar þetta peninga en hefur sannarlega gildi fyrir land og þjóð t.d. er vaxandi áhugi fyrir að taka saman sögur sagnir og ýmsan þjóðlegan fróðleik t.d. var haldin svonefnd sagnagleði á Þórshöfn í vor og lukkaðist vel, voru þar líka sagðar skemmtisögur í bland við fróðleikinn og sunginn nokkur lög, ég tel að þessi hvatning til (með því að styrkja menningarstarf) menningarstarfs skapi þessi viðbrögð og áhuga hjá fólki.*

*Já, fólk hefur aukist kjarkur til að hrinda hugmyndum í framkvæmd og fleiri hugmyndir hafa orðið að veruleika eða komist á umræðustig. Fjölbreytni í framboði hefur aukist og fleiri verið tilbúnir til þátttöku í skapandi verkefnum. Fleiri hafa leitað tækifæra til að koma á fót verkefnum sem ætlað er að lifa lengri tíma og eiga möguleika á að skapa atvinnu til framtíðar.*

*Já. Klárlega er meiri fjölbreytni, þróun og nýjungar. Styrkirnir hvetja hugmyndarika og framtakssama til framkvæmda og nýrra verkefna.*

*Já það er mitt álit að menningarráðið hafi styrkt mörg góð verkefni sem annars hefðu ekki orðið til.*

*Já, tvímælalaust.*

*Já þetta er mjög hvetjandi fyrir aðila að sækja um og reyna þannig að hrinda í framkvæmd sínum draumaverkefnum.*

*Það er mitt mat að með úthlutun menningarráðsins hafi fjölbreytnin á menningarviðburðum á svæðinu aukist til muna og mun fleiri komi að menningarlífinu á svæðinu en áður. Einnig hefur tengingin milli menningar og ferðaþjónustu aukist svo úr hafa orðið fleiri viðburðir og vörur sem flokka má undir menningartengda ferðaþjónustu.*

*Þátttaka meiri, betra samstarf. Tel að listir hafi orðið aðgengilegri almenningi.*

*Þátttakan hefur aukist.*

*Breyting finnst mér ekki svo mikil þó finnst mér umræðan góð og vinsamleg í garð menningarráðs þó mörgum finnist úthlutunarreglur oft helst til einskorðaðar hverju sinni.*

*Ég hef ekki samanburð til að meta þetta.*

*Gerir mér ekki grein fyrir því.*

**8. Finnst þér hafa orðið breytingar á kynningu og umræðu um menningarstarf á Norðurlandi eystra undanfarin tvö ár? Ef svo er, hvaða breytingar hafa orðið?**

*Aukin umræða og jákvæðari. Menningaráð Eyþings er mjög duglegt að kynna verkefni.*

*Eðli málsins samkvæmt má ætla að meira sé skrifað og sagt frá menningarviðburðum á svæðinu enda ber styrkþegum menningarráðsins að auglýsa viðburðina á starfssvæðinu. Það má líka ætla að styrkirir kalli á aukna umræðu meðal þeirra sem hafa hug á að láta hugmyndir sínar verða að veruleika. Einnig er rétt að geta þess að burtséð frá þeim verkefnum sem hafa orðið til fyrir tilstuðlan menningarráðsins, þá hefur menning á svæðinu – nefni hér Akureyri sem dæmi – einfaldlega verið á mikilli siglingu og það skiptir máli með það í huga að jarðvegurinn var til staðar og hafa styrkveitingar ráðsins verið mikil og góð vökvun í þeim jarðvegi.*

*Ég held að umfjöllun í fjölmiðlum hafi aukist lítillega en hún mætti vera mun meiri. Kynningin hefur aukist meðfram meira framboði af menningu.*

*Já ég met það svo – ég skynja meiri vakningu á menningarmálum með tilkomu Menningarráðs Eyþings. Ráðið er vel sjáanlegt og sérstaklega Ragnheiður Jóna menningarfulltrúi.*

*Já fólk metur þetta framlag og gerir sér betur grein fyrir mikilvægi menningarstarfs í hverju byggðarlagi. Menningarviðburðir og menningarstarf í heild sinni efla ásýnd hvers svæðis, sameinar fólk í skemmtilegu og mikilvægu, reyndar oft krefjandi starfi. Vekur líka oft athygli á sögunni, náttúrunni og er eitthvert besta markaðs og kynningarstarf fyrir svæðið. Lögð hefur líka verið áhersla á matarmenningu hér á Norðurlandi sem annarsstaðar á landinu og er það vel. Það er líka eitt sem við í ferðaþjónustu finnum þ.e. vaxandi áhugi fyrir þjóðlegum íslenskum heimilismat.*

*Já meiri kynning s.s. viðburðadagatöl. Fagmennska hefur aukist og baklandið orðið sterkara. Framkvæmdastjóri samningsins hefur stuðlað að samvinnu og betra upplýsingaflæði. Nú hefur samningurinn einungis verið í tvö ár og hefur hann farið vel af stað og væri synd að halda ekki áfram því góða starfi sem er í burðarliðunum.*

*Já, mér finnst að fólk hafi unnið betur að því að gera sína heimahaga miklu sýnilegri með því sem þeir hafa upp á að bjóða í ferðamennsku, menningu og listum. Og skiptir þá sjálfsagt sköpum að starfsmaður Menningarráðsins ferðast um umdæmið og hvetur fólk til dáska.*

*Já, umræða og kynning hefur aukist, orðið markvissari og meira áberandi. Aukin áhersla er nú á möguleika sem felast í menningartengdu starfi og aukin vitund fólks um menningu sem atvinnugrein. Umræða um menningartengt starf er í vaxandi mæli tengd praktískum gildum, ekki einungis að menning sé til skrauts á góðum dögum. Menningin er orðin meira okkar allra og lítið á hana sem leið okkur til hagsbóta.*

*Já, það er orðin meiri og jákvæðari umræða um menningarstarf í okkar landshluta, ekki spurning.*

*Meiri kynning hefur fylgt meira starfi.*

*Menningarráð Eyþings og menningarfulltrúi Eyþings hafa staðið sig sérstaklega vel í starfi, kynningu á styrkveitingum, styrkjum og jákvæðri umfjöllun út á við. Þessir aðilar hafa stutt vel við bakið á umsækjendum um styrki, hvatt fólk til þátttöku og framkvæmda.*

*Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir var ráðin menningarfulltrúi Eyþings um svipað leyti og ég var ráðin menningarfulltrúi Fjallabyggðar. Ég vil að það komi fram að það hefur verið gott að leita til Jónu og fá ráðgjöf. Aðilar sem hafa sótt um styrki til Eyþings tala um að það sé mikill munur að það sé einstaklingur sem hægt sé að leita til og fá aðstoð t.d. við að sækja um styrk eða annað sem tengist verkefnunum. Jóna hefur verið dugleg að heimsækja þær byggðir sem tilheyra Eyþingi og hún hefur kynnt menningarstarf þessara svæða af miklum áhuga og fagmennsku.*

*Það er bara svo mikið að gerast alls staðar, miklu meira framboð en fyrir nokkrum árum. Vonandi verður hægt að halda einhverju gangandi þrátt fyrir erfitt árferði.*

*Það er náttúrulega mjög gott að hafa svona atburði á einum stað þannig að auðveldara sé að halda utan um hlutina.*

*Það hefur orðið aukning en betur má ef duga skal.*

*Breyting finnst mér ekki svo mikil þó finnst mér umræðan góð og vinsamleg í garð menningarráðs þó mörgum finnist úthlutunarreglur oft helst til einskorðaðar hverju sinni.*

*Ég hef ekki samanburð til að meta þetta.*

*Hef ekki forsendur til að meta það.*

Mörg álitafni koma upp þegar unnið er með framangreind svör. Á að greina frá þeim sem sjá engar breytingar eða telja sig ekki hafa forsendur og samanburð til svars? Niðurstaða skýrsluhöfundar var að best væri að láta svarendur tala sínu máli án þess að grísa eða telja sum svör verðugri en önnur. Vafalaust má hafa skiptar skoðanir um þetta, en niðurstaðan varð eins og að framan greinir. Leiðréttar hafa verið innsláttarvillur í svörunum án þess sé sérstaklega getið.

Í svörunum er að finna sjónarmið sem ágætt er að fá fram. Vonandi auka þau umræðu um menningarmál á starfssvæði Eyþings og leggja gott á vogarskálar í vinnubrögðum menningarráðs samtakanna, þó þar sé reyndar yfir litlu að kvarta.

#### **5.4 Áhrif af framkvæmd menningarsamningsins**

Hvaða áhrif hefur menningarsamningurinn haft? Af framangreindum svörum að ráða er það augljóst. Hann hefur haft mikil og jákvæð áhrif og skapað atvinnu, ný störf þar sem þeirra var mikil þörf. Samt má setja fyrirvara. Hvað af því jákvæða sem orðið hefur gæti hafa átt sér stað án samningsins? Hvernig hefðu mál þróast án menningarsamnings Eyþings, en að fengnu jafn miklu fé og hann hefur notið til



menningarmála í viðkomandi sveitarfélögum? Hefði mátt verja þeim fjármunum, sem varið hefur verið til menningarmála á starfssvæði Eypings með öðrum og betri hætti?

Við þessum spurningum eru ekki einhlýtt svör. Að öllu samanlögðu verður þó ekki annað séð en að fjármunum til menningarmála hafi verið vel varið. Þeir sem hlutu styrki hafa vandað sig við greinargerðir um ráðstöfun styrkfjár, samkvæmt þeim gögnum sem skoðuð voru og þar kemur fram að styrkirnir skiptu í mörgum tilvikum sköpum um að hægt var að ráðast í viðkomandi verkefni. Það er mjög samhljóða þeim svörum sem fengust frá sveitarstjórnarmönnum og þeim sem eru í forsvari fyrir einstökum greinum menninga og lista.

Með menningarsamningnum eru fjárframlög ákveðin til lengri tíma. Það hvetur til stefnumótunar sem meðal annars stuðlar að því að efla menningu sem atvinnugrein. Á móti þessu hefur stundum verið nefnt að með svona samningum sé búið að binda mest allt fé til menningarstarfs og hefta með því nýsköpun og sveigjanleika. Einnig verði framlög ríkisins og einstakra sveitarstjórna ekki eins sýnileg þegar fjárveitingar til menningarmála séu settar í einn pott sem menningarráð ráðstafar úr. Vera má að eitthvað af þessu megi telja sem neikvæðar afleiðingar menningarsamninga, en að mati höfundar þessarar skýrslu er það léttvægt, enda hægt að bregðast við því með ýmsu móti, eins og reyndar er gert með öflugum kynningarstarfi.

Fram kom í köflum 4.1 og 4.3 að Menningarráð Eypings hefur úthlutað styrkjum til 162 aðila, samtals að fjárhæð kr. 64.730.000. Meðalfjárhæð styrks er um 400 þkr. Áhrifa samningsins gætir á mörgum sviðum samkvæmt svörum við spurningum í kafla 5.3. Eitt af því sem áhugavert er að skoða er hvaða atvinnu styrkirnir hafa skapað. Þekkt er hve erfitt er að meta starfsemi til fjár sem ekki er hefðbundinn rekstur þar sem hægt er að styðjast við ákveðnar kennitölur. Ýmsar aðferðir hafa þó verið notaðar og ein er sú að reikna tiltekna fjárhæð til fjölda starfa út frá tilteknum forsendum.

Hagstofa Íslands tekur árlega saman ýmsar tölulegar upplýsingar og í ritinu *Landshagir 2008* er m.a. að finna margt um laun, tekjur og vinnumarkað. Regluleg laun á almennum vinnumarkaði eru tilgreind eftir starfsstéttum. Sundurliðun í stéttir er ekki mikil, en ef miðað er við meðallaun verkafólks árið 2007 eru þau um 200 þkr. Sú styrkuppþæð sem úthlutað hefur verið á starfstíma Menningarráðs Eypings mundi duga í 324 mánuði samkvæmt þessum forsendum, þ.e. um 27 ársverk. Ef miðað væri við meðallaun þjónustu- sölu og afgreiðslufólks væru

ársverkin um 22 og miðað við meðallaun skrifstofufólks væru ársverkin um 20. Þetta er vissulega mikil einföldun en samt ákveðin nálgun á það hve miklu styrkveitingarnar kunna að hafa skilað í störfum. Áfram væri hægt að reikna út frá ýmsum forsendum, en verður ekki gert að sinni.

Gera má ráð fyrir að atvinnusköpunin sé enn meiri en gefið er til kynna hér að framan því styrkirnir nema aldrei meira en helmingi kostnaðar við verkefnið og oft mun minna. Þær tæpu 65 mkr sem veittar hafa verið í styrki hafa samkvæmt úthlutunarreglum dregið a.m.k. jafn háa upphæð til viðkomandi verkefna og skoðun á nokkrum greinargerðum um ráðstöfun styrkfjár bendir til þess að oft séu styrkirnir nær þriðjungu heildarkostnaðar. Síðan eru afleidd störf. Margfeldisstuðlar eru misjafnir eftir starfsgreinum og eðli starfa og hér verður ekkert fjallað nánar um það, en allt sýnir þetta að styrkir menningarráðs skipta verulegu máli sem grundvöllur atvinnu.

Rétt er að taka fram að framangreindar tölur eru settar fram til umhugsunar og ber að skoða sem slíkar. Þær undirstrika nauðsyn þess að búa til og þróa mælikvarða til grundvallar árangursmati, eins og bent hefur verið á í eldri úttektum, t.d. í skýrslu Ívars Jónssonar, *Árangursmat á samningi ríkisins og sveitarfélaganna á Austurlandi frá 14. maí 2001 og 15. mars 2005 um menningarmál*. Í þessum samningum var gerð krafa um slíka skilgreiningu, en fram kemur að það hafi ekki verið gert þegar skýrslan var gerð. Þó ekki séu bein ákvæði um þetta í samningi um samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæði Eyþings um menningarmál er sama þörfin á að þróa mælikvarða til árangursmats.

Jákvæðar afleiðingar samnings um samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæði Eyþings um menningarmál eru augljósar á mörgum sviðum. Hann hefur skapað festu í menningarmálum, gert viðkomandi aðilum að forgangsraða og eflt menningu sem atvinnugrein. Fagmennska hefur aukist, m.a. vegna samstarfs milli menningarfulltrúa og þeim hefur fjölgað, sem síðan leiðir til þess betri þjónustu við áhugafólk á öllum sviðum menningar og lista. Nú er mikil þörf fyrir fleiri störf og þá er atvinnuþáttur menningarmála mikils virði. Menning er atvinna og samningurinn sem Menningarráð Eyþings starfar eftir hefur stuðlað að skipulegri uppbyggingu. Fagna má góðum árangri hingað til og í ljósi reynslunnar er hægt að hvetja til framlengingar á menningarsamningnum.



## 6 HEIMILDIR

Eyþing (2009). Vefsíðan [www.eything.is](http://www.eything.is)

Hagstofa Íslands (2008). *Landshagir 2008*, Reykjavík 2008

Ívar Jónssonar (2007). *Árangursmat á samningi ríkisins og sveitarfélaganna á Austurlandi frá 14. maí 2001 og 15. mars 2005 um menningarmál*, Egilsstöðum 2007.

Menningarráð Eyþings (2007). *Samstarfsamningur um menningarmál á Norðurlandi eystra*, Akureyri, júlí 2007.

Menningarráð Eyþings (2009). *Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæði Eyþings um menningarmál*, Húsavík 2007.

Menningarráð Eyþings (2009). *Samþykktir Menningarráðs Eyþings*, Húsavík 2007.

Menningarráð Eyþings (2009). *Samstarfssamningur sveitarfélaga í Eyþingi um menningarmál*, Húsavík 2007.

Menningarráð Eyþings (2004). *Stefnuskjal Menningarráðs Eyþings*, Þórshöfn 2004.

Menningarráð Eyþings (2008). *Skýrsla um starfsemi Menningarráðs Eyþings árið 2007*, Akureyri, mars 2008.

Menningarráð Eyþings (2009). *Skýrsla um starfsemi Menningarráðs Eyþings árið 2008*, Akureyri, maí 2009.

### Viðmælendaskrá

Anna María Sigvaldadóttir, formaður Kvenfélags Grímseyjar.

Pétur Þór Jónasson, framkvæmdastjóri Eyþings.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, menningarfulltrúi Eyþings.